



Kikk-sveitin „reffilegri“ en nokkru sinni. Frá vinstri: Guðmundur, Nikulás, Sigríður, Sveinn og Jón.

Járnsíðan/Július

Kikk-flokkurinn gripinn glóðvolgur:

„Bjóðum sennilega upp á eitt eða tvö faðmlög“

„Það er ekki endanlega búið að ganga frá upptökunum, en við erum að vinna að því af fullum krafti að ljúka þessu,“ sögðu þeir Sveinn Kjartansson og Guðmundur Jónsson í Kikk er Járnsíðan rabbaði við þá fyrir nokkrum dögum. Kikk hefur að undanfögnu unnið sleitulaust í Hljóðrita við upptöku fyrstu plötu sinnar, sem væntanleg er á markað á vegum Steina hf. eftir nokkrar vikur. Ef að líkum lætur verður hér um 6-laga plötu að ræða.

Tæpt ár er nú liðið frá því fyrst var talað um að Kikk gæfi út hljómplötu.

Sveitin var varla fyrr komin á götuna en henni var óformlega boðinn plötusamningur. Einhverra hluta vegna varð ekkert úr framkvæmdum fyrr en núna og á þeim tíma, sem liðið hefur, hafa bæði orðið breytingar á liðsskipan Kikk og tónlist hljómsveitarinnar.

Upphaflega voru í sveitinni þau Gunnar Rafnsson/hljómborð, Sigurður Helgason/trommur og Sigríður Beinteinsdóttir/söngur auk þeirra Sveins, sem leikur á bassa, og Guðmundar, sem sér um gítarleikinn. Gunnar hætti tiltölulega snemma og

gekk til liðs við Egó, en síðar hætti Sigurður og við tók Jón Björgvins-son, sem áður lék með KOS. Nikulás Röbertsson hafði áður tekið við af Gunnari.

Biðin til góðs

„Við höfum vafalaust haft gott af þessari bið,“ sögðu strákarnir. „Þegar þetta kom fyrst til tals þekktust meðlimir hljómsveitarinnar nánast ekki neitt. Tengsl þeirra, sem eftir sitja í sveitinni, hafa styrkst vel og tónlistin hefur tekið heilmiklum breytingum þótt við höfum haldið

okkur nokkuð að upprunalegum hugmyndum. Upphaflega mættust mjög ólíkir pólar innan sveitarinnar og það tók sinn tíma að slétta misfellingarnar. Undanfarna mánuði hefur skipanin verið óbreytt og allir eru sáttir við þá stefnu, sem nú er.“

— Nú hafið þið spilað mjög lítið í vetur, hver er skýringin?

„Það hefur eitt og annað komið til, m.a. sú staðreynd að við áttum alltaf að vera á leiðinni í hljóðver. Sú tilhugsun kom einhvern veginn í veg fyrir alla framtakssemi á tónleikastíðinu. Vonandi verður breyting á þessu eftir að upptökunum lýkur. Hafi menn áhuga á að fá okkur til að spila er hægt að ná í okkur í sínum 15310 og 79479 (Sveinn).“

— Hvernig hefur svo gengið í hljóðverinu?

„Bærilega, þakka þér. Það hefur eðlilega tekið okkur sinn tíma að komast inn í hlutina, en þetta er sem betur fer allt í áttina. Við erum búin að fullvinna grunna og annað slíkt en söngurinn er enn eftir. Samvinnan við Gunnar Smára og Tomma Tomm hefur gengið eins og í sögu.“

— Hefur eitthvert nafn verið fundið á plötuna?

„Nei, ekkert sérstakt. Ætli hún heiti ekki bara Kikk.“

— Hvernig tónlist fær fólk að heyra á þessari plötu?

„Það verður allra handa rokk-tónlist. Keyrslián verður eftir sem áður ráðandi í þessu, en við bjóðum sennilega upp á eitt eða tvö faðmlög (Þessi lög hafa til þessa verið þekkt